



## Félag löggiltra endurskoðenda

### Skipulagsskrá Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs FLE

#### 1. grein

Sjóðurinn heitir Náms- og rannsóknarstyrkjasjóður Félags löggiltra endurskoðenda. Hann er stofnaður 4. júní 2003 af Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE) með framlagi að fjárhæð 20.000.000 kr.

#### 2. grein

Markmið sjóðsins er að styrkja bóklega menntun endurskoðenda á Íslandi með því að veita ýmist styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningskilum eða með því að styrkja stofnanir sem standa fyrir slíku námi.

Einnig er markmið sjóðsins að veita styrki til eflingar rannsókna á sviði reikningshalds og endurskoðunar í þeim tilgangi að efla faglega umræðu um endurskoðun og reikningshald, viðhalda og auka faglega þekkingu endurskoðenda eða styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni FLE eða lögbundið hlutverk þess.

#### 3. grein

Sjóðurinn skal vera í vörslu FLE og skal eignum hans haldið aðgreindum frá eignum félagsins. Leitast skal við að ávaxta fjármuni sjóðsins með tryggum og hagkvæmum hætti. Endurskoðaður ársreikningur sjóðsins skal birtur með ársreikningi FLE og skal reikningsár sjóðsins fylgja reikningsári FLE.

#### 4. grein

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Formaður FLE skal vera formaður sjóðsstjórnar en á hverjum aðalfundi FLE skal kosinn einn stjórnarmaður til tveggja ára. Varaformaður FLE er varamaður í stjórn sjóðsins.

#### 5. grein

Styrkir úr sjóðnum eru af tvennum toga; námsstyrkir og rannsóknarstyrkir.

Við veitingu námsstyrkja skal við það miðað að styrkþegar hafi lokið bóklegu námi til löggildingar sem endurskoðendur og ætli sér framhaldsnám á því sviði. Styrkir til stofnana skulu tengjast doktorsnámi. Styrkir til stofnana geta einnig verið í þeim tilgangi að kosta að hluta til eða í heild einstaklinga við

kennslu eða fræðastarf innan háskólasamfélagsins enda samræmist slík styrkveiting markmiðum sjóðsins skv. 2. grein.

Við veitingu rannsóknarstyrkja skal horfa til þess að vísindalegt gildi fyrirhugaðra rannsókna skal vera ótvírætt og tengsl verkefnisins við markmið sjóðsins augljós.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Að undanskyldum ofangreindum kröfum skal stjórn sjóðsins taka allar ákvarðanir varðandi styrki og samninga við styrkþega og er henni heimilt að úthluta bæði höfuðstól sjóðsins og ávöxtun hans, að teknu tilliti til ákvæða 6. greinar. Skal stjórn setja sér reglur og leiðbeiningar um úthlutanir rannsóknarstyrkja árlega sem skulu liggja fyrir áður en auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

## **6. grein**

Af eigin fé sjóðsins skal helmingur vera til ráðstöfunar veitingu námsstyrkja og helmingur til rannsóknarstyrkja. Við mat á ráðstöfunarfé til námsstyrkja annars vegar og rannsóknarstyrkja hins vegar skal taka mið af áður úthlutuðum en ógreiddum styrkjum.

## **7. grein**

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til FLE.

## **8. grein**

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari skulu lagðar fyrir félagsfund FLE.

Þannig samþykkt á félagsfundi FLE  
4. júní 2003, breytt 7. apríl 2010 og á aðalfundi 31. október 2014.